

Til hamingju með daginn kæru útskriftarnemar, rektor og aðrir góðir gestir.

Við hjá Viðskiptaráði höfum trú á því að **menntun** sé hornsteinn bættra lífskjara. Þetta á ekki aðeins við um þá einstaklinga sem sækja sér menntunina og opna með því dyr að áhugaverðum tækifærum, **heldur ekki síður** fyrir samfélagið í heild. Menntun er samfélagsmál og menntun er efnahagsmál. **Mikilvægi** öflugra menntastofnana verð því **seint** ofmetið.

Eftir 10 daga heldur Viðskiptaráð árlegt Viðskiptaþing sitt undir yfirskriftinni „**Héraðsmót eða heimsleikar**: Innlendur rekstur í alþjóðlegu samhengi“. Titill þingsins á sér skírskotun í **stöðu fyrirtækja** á innlendum markaði. Rétt eins og keppendur á héraðsmótum sækja **viðmið, innblástur og þekkingu** frá stærri viðburðum horfa innlend fyrirtæki til þess hvaða aðferðir skila sér best á alþjóðlegum vettvangi. Við metum **árangur okkar** því bæði útfrá því hvernig við stöndum okkur **heima í héraði og á heimsvísu**.

Þið sem hér sitjið eruð **fram tíðarfulltrúar Íslands** á þessum heimsleikum verðmætasköpunar og óhætt er að segja að Háskólinn í Reykjavík sé **gríðarlega öflug útungunarstöð** keppenda. Skólinn útskrifar nú **tvo af hverjum þremur** sem útskrifast með tæknimenntun á háskólastigi, **helming** viðskiptamenntaðra og **þriðjung þeirra** sem ljúka prófi í lögum. Auk þessa hefur framlag skólans til **rannsókna og nýsköpunar** farið vaxandi með hverju árinu sem líður. HR er **skóli atvinnulífsins** og af því erum við stolt.

Það er í raun **ótrúlegt** til þess að hugsa **hversu** miklum árangri HR hefur náð á tiltölulega skömmum tíma. Þar ber auðvitað **fyrst og fremst** að þakka öllu því **frábæra** starfsfólki sem hefur byggt upp starfsemi skólans. Á sama tíma verður ekki hjá því komist að minnast á það gæfuspor sem fólst í því að sameina starfsemina undir einu þaki í **einstöku húsnæði skólans** í Vatnsmýrinni.

Ég hef notið þeirra **forréttinda að sitja í stjórn HR** undanfarin tvö ár. Í gegnum stjórnarstörfin hef ég fengið að taka þátt í mótun **langtímastefnu skólans** og óhætt er að segja að **spennandi tímar séu framundan**. Rekstur skólans stendur nú traustum fótum og unnt að blása til sóknar á ýmsum sviðum. Gæði

kennslu, hagnýt nýsköpun, markvisst samtarf við atvinnulífið og aukin alþjóðavæðing verða þar í forgrunni. Þá verður jafnframt spennandi að fylgjast með **áformaðri uppbyggingu** háskóla- og nýsköpunarþorps á svæði skólans í Vatnsmýrinni.

Kæru útskriftarnemar. Ég er stoltur af aðkomu Viðskiptaráðs Íslands að stofnun og uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. **Viðskiptaráð** hefur í tæp 100 ár lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og við teljum það **okkar mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild.**

Ari Kristinn og sá öflugri hópur fólks sem starfa við skólann eiga hrós skilið fyrir frammistöðu sína. Fyrir áratug síðan var HR lítill viðskiptaháskóli. Í dag er skólinn háskóli atvinnulífsins og stendur í fremstu röð á sínum sviðum.

Ég vil biðja ykkur sem sitjið hér frammi í sal að **klappa fyrir starfsfólki Háskólans í Reykjavík, sem og útskriftarnemum dagsins.**

Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum til hamingju með daginn er það mér mikil ánægja að veita að lokum nokkrar **viðurkenningar** fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands.

Hefð er fyrir því að Viðskiptaráð veiti þeim nemanda sem hæsta einkunn fær frá hverri deild HR viðurkenningu við útskrift.

Viðurkenningarnar eru verk eftir **listakonuna Elísabetu Ásberg.**

Ég vil því biðja eftirtalda nemendur að koma hér upp og veita viðtöku þessari viðurkenningu:

Úr lagadeild - Árni Þór Óskarsson

Úr tækni- og verkfræðideild – Kristín Björk Lilliendahl

Úr tölvunarfræðideild – Ingólfur Halldórsson

Úr viðskiptadeild – Dagbjört Una Helgadóttir

Að lokum vil ég að óska starfsfólki HR til hamingju með uppskeruna og útskriftarnemum og aðstandendum aftur til hamingju með daginn.

Takk fyrir og njótið dagsins.